

Auglýsing um fólkvang á Spákonufellshöfða

Að tillögu hreppsnefndar Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að Spákonufellshöfði í Höfðahreppi verði lýstur fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en umrætt land er eign hreppsins.

*Mörk fólkvangsins eru þessi:*

Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds "Salthúss" og "Lifrarbræðsluhúss" í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastæti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyra fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum.

*Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:*

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu.
2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu.
3. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er bannað að losa hvers konar úrgang og sorp á fólkvanginum.
4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.

Umsjón fólkvangsins er í höndum hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samráð við [Umhverfisstofnun] um skipulag svæðisins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

---

Birgir Thorlacius